

ÞEKKING ER GJALDMIÐILL FRAMTÍÐAR

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á
morgunverðarfundum um doktorsnám og atvinnulíf.
Haldið í Hörpu fimmtudaginn 1. mars 2018 kl. 8.30.**

Forseti Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra, góðir gestir.

Fyrir hönd Háskóla Íslands býð ég ykkur hjartanlega velkomin á þennan morgunverðarfund um þá möguleika sem felast í samstarfi háskóla og atvinnulífs um doktorsnám, íslensku samfélagi til heilla.

GLÆRA 2: ÞEKKINGARSAMFÉLAG

Rannsóknarháskólar gegna lykilhlutverki við mótun þekkingarsamfélaga, samfélaga sem drifin eru áfram af menntun, rannsóknum og nýsköpun. Rannsóknarháskólar veita nýrri þekkingu inn í atvinnulíf og hafa bein áhrif á hagvöxt og efla samkeppnishæfni þjóða. Þetta er sérstaklega mikilvægt á tímum örra tæknibreytinga og þegar brýnar samfélagslegar áskoranir kalla á nýja þekkingu og markvissa hagnýtingu hennar.

GLÆRA 3: HVERS VEGNA ER FJÁRFEST Í HÁSKÓLAMENNTUN, RANNSÓKNUM OG

Doktorsnám við Háskóla Íslands hefur sterka alþjóðlega skírskotun, sem felur í sér styrkleika er íslenskt atvinnulíf getur notið góðs af. Um

Þriðjungur brautskráðra doktora frá Háskólanum eru erlendir ríkisborgarar, námið er að hluta skipulagt í samstarfi við erlenda háskóla og leiðbeinendur og andmælendur eru í mörgum tilvikum erlendir sérfræðingar. Yfir 95% alls doktorsnáms á Íslands fer fram við Háskóla Íslands sem staðfestir sterka stöðu hans í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Háskóli Íslands brautskráir nú að jafnaði um 60 doktora á ári sem er heldur lægra hlutfall en hjá rannsóknaháskólum á hinum Norðurlöndunum m.v. íbúafjölda og því ljóst að við þurfum að halda áfram á þeirri braut sem við erum nú á.

Skipuleg uppbygging rannsókna og doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarna áratugi hefur komið skólanum í röð fremstu háskóla heims.

GLÆRA 4: RÖÐUN HÁSKÓLA ÍSLANDS SKV. MATSLISTA THE

Háskóli Íslands er ekki aðeins alþjóðlegur rannsóknaháskóli heldur leitast við að þjóna íslensku þjóðfélagi sem allrabest. Samstarf við atvinnulíf og stofnanir er augljós vettvangur til að nýta þá þekkingarsköpun sem fer fram í háskólum í þágu samfélagsins og til að byggja upp fjölbreytt og framsækið atvinnulíf.

GLÆRA 5: MYND AF UNGUM VÍSINDAMÖNNUM

Fyrirtæki og atvinnulíf þurfa sífellt á nýrri þekkingu að halda. Mörg framsæknustu fyrirtæki heims hafa markvisst byggt upp öflugt samstarf við háskóla til að sækja þangað þá þekkingu og færni sem felst í

grunnrannsóknnum. Hátæknirisar á borð við Google og Apple nýta sér tækniþróun sem iðulega er fóstruð í háskólum og rannsóknastofnunum og byggja ábatasama framleiðslu sína á þeim.

GLÆRA 6: MYND AF UNGUM VÍSINDAMÖNNUM

Tæknibylting síðustu áratuga – ég nefni t.d. GPS- tæknina, snertiskjáinn og internetið – hefði aldrei átt sér stað án fjárfestingar samfélagsins í háskólamenntun, rannsóknnum og doktorsnámi. Þetta á ekki síður við ef horft er til framtíðar. Þekkingarsamfélög sem fjárfesta t.d. í sjálfbærni í víðasta skilningi munu uppskera aukinn hagvöxt og ný atvinnutækifæri. Þær þjóðir sem ekki byggja á þekkingu heldur treysta á hefðbundna nýtingu náttúruauðlinda og vélvæddan iðnað, munu sitja eftir og staðna.

Beint orsakasamband er á milli fjárfestingar í rannsóknnum, nýsköpun og þróun annars vegar og framleiðniaukningar og hagvaxtar hins vegar. Áhrifin eru víðtækust í þeim ríkjum sem fjárfesta mest í háskólastarfi. Talið er að aukið framlag til rannsókna og nýsköpunar skili vexti þjóðartekna sem nemur fimmfaldri þeirri aukningu. Fjárfesting í rannsóknnum og menntun skilar sér þannig margfalt til baka í auknum hagvexti og lífsgæðum.

GLÆRA 7: MYND AF UNGUM VÍSINDAMÖNNUM

Þetta skiptir okkur Íslendinga sérstaklega miklu máli og við þurfum sífellt að huga að því að ungt og vel menntað fólk hafi tækifæri og sjái sér hag í að búa hér á landi.

Til að byggja upp blómlegt þekkingarsamfélag á Íslandi til framtíðar þarf vitundarvakningu og samstillt átak háskóla, stjórnvalda og atvinnulífs – og doktorsnám er mikilvægur þáttur í því. Atvinnulífið þarf að sjá sér hag í því að vinna með háskólum og háskólar þurfa að sjá ábata af því að vinna með atvinnulífinu. Slíkt samstarf hraðar framþróun og gefur fyrirtækjum færi á að dýpka þekkingu og vera betur í stakk búin til að þróa nýja vöru eða þjónustu. Ef fyrirtækin þróast ekki með þessum hætti geta þau staðnað og dregist aftur úr.

GLÆRA 8: SKÓFLUSTUNGA FYRIR AUÐNU

Háskóli Íslands hefur nú þegar stigið markviss skref til að skapa vettvang samstarfs. Dæmi um þetta er uppbygging Vísindagarða í samvinnu við Reykjavíkurborg og fyrirtæki.

GLÆRA 9: VÍSINDAGARÐAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þá hefur Háskólinn haft forystu um að leiða saman undir heitinu “Auðna” aðila úr íslensku þekkingarsamfélagi til að koma á vettvangi til að veita hugverkum og nýrri tækni úr háskólum og rannsóknastofnunum til atvinnulífsins.

Slík þekkingarveita og markviss hagnýting þekkingarinnar hefur verið veikleiki í íslensku samfélagi.

GLÆRA 10: GLOBAL INNOVATION INDEX 2016: ÍSLANDS

Samkvæmt Global Innovation Index Sameinuðu þjóðanna stendur Ísland sterkt að vígi þegar litið er til vísindarannsókna og alþjóðlegs samstarfs, en síður þegar kemur að þáttum á borð við nýtingu hátækni, útflutningi og framleiðni. Hluti vandans er að við verjum ekki nægilegum fjármunum í rannsóknir og þróun, jafnt í háskólum sem fyrirtækjum. Við þurfum sameiginlega að setja okkur metnaðarfull markmið til að vera samkeppnishæf við nágrannaþjóðir okkar.

GLÆRA 11: FJÁRFESTING Í RANNSÓKNUM OG NÝSKÖPUN

Til dæmis stefnir Evrópusambandið að því að verja 3% af landsframleiðslu aðildarríkjanna í rannsóknir og þróun og skapa með því fjölda nýrra starfa og auka hagvöxt. Framsækin ríki á borð við Bandaríkin, Japan og Suður Kóreu fjárfesta nú þegar 3-4% af landsframleiðslu í rannsóknaháskólum, alþjóðasamstarfi, hagnýtingu og nýsköpun til að tryggja samkeppnishæfni. Slík fjárfesting skilar sér til fyrirtækjanna og samfélagsins.

GLÆRA 12: ÍSLENSKT ÞEKINGARSAMFÉLAG? OKKAR ER VALIÐ!

Það er sameiginlegt viðfangsefni okkar, Háskólans, atvinnulífsins og stjórnvalda að efla samkeppnishæfni Íslands. Lífskjör og farsæld samfélagsins til framtíðar er í húfi.

Þekking er gjaldmiðill framtíðarinnar.